

Garðfuglakönnun 2009-10

Þennan vetur sendu 11 inn niðurstöður. Í pistli sem birtur var í Fuglum nr. 8 (2011) þá höfðu borist níu athuganir síðan þá hafa borist tvær í viðbót. Þennan vetur sjá allir athugendur sjá skógarþresti og auðnutittlinga. Það hefur ekki gerst áður að allir þátttakendur hafa séð auðnutittlinga sem gæti bent til þess að stofninn hafi verið í uppsveiflu. Annar þáttur sem kann að hafa áhrif er að fuglaáhugamenn eru farnir að gefa meira fóður sem henti auðnutittlingum og þeir sækja því frekar í garða

1. tafla. Tíðni algengustu tegunda á athugunarstöðum í Garðfuglakönnun veturinn 2009-10. Þátttakendur voru 11.		
Tegund	Garðar	%
Skógarþröstur	100	11
Auðnutittlingur	100	11
Hrafn	90,9	10
Stari	81,8	9
Snjótittlingur	81,8	9
Músarrindill	72,7	8
Svartþröstur	72,7	8
Gráþröstur	54,5	6
Hettumáfur	36,4	4
Hettusöngvari	36,4	4
Smyrill	27,3	3

nú en áður. Aðrir fuglar sem sjást nærri því hjá öllum voru: Hrafnar tíu af ellefu þátttakendum sáu þá en síðustu fjóra vetur hefur yfir 90% af þátttakendum skráð hrafn. Snjótittlingar voru skráðir á 9 stöðum en og svartþrestir á átta. Svartþrestirnir eru tvímælalaust að verða með algengari garðfuglum hjá athugendum og svona hátt hlutfall hefur ekki verið bókað áður. Músarrindlar sáu víða þennan vetur, alls á átta athugunarstöðum. Það má því reikna með að músarrindilsstofninn sé í uppsveiflu.

Hettumáfar sáu í fjórum görðum. Þrjú þátttakendur sáu smyrill 2009-10 sem er svipað og síðasta vetur en þeir voru algengari á fyrri hluta athugunartímabils Garðfuglakönnunar fram undir aldamótin. Gráþrösturinn var sem fyrr tíðastur af þeim fuglum sem ekki eru reglulegir varpfuglar eða flækingsfuglar í görðum athugenda. Hettusöngvarar voru einnig á nokkrum stöðum. Silkitoppur voru ekki áberandi og voru

skráðar á tveimur stöðum en í töflunni eru einungis birtar tölur fyrir þær tegundir sem sjást í þremur görðum eða fleiri.

Í heildina sáu þátttakendur 32 tegundir í görðum sínum og var meðaltalið var 10,5. Gaukur Hjartarson á Húsavík sá flestar tegundir eða 17. Sigurður Ægisson á Siglufirði og Jóhann Óli Hilmarsson á Stokkseyri sáu næstflestar tegundir (16). Fæstar tegundir voru sex tegundir voru skráðar á tveimur athugunarstöðum. Ein ný tegund sást en það var gráspör, Hulda Björg Sigurðardóttir í Kópavogi sá tvo hluta úr degi í marsmánuði.

Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson 2012



1. mynd. Auðnutittlingar sáu í öllu görðum þátttakenda veturinn 2009-10. Ljós: Örn Óskarsson